

BÓNUS

Með þér í liði

Sjálfbærniskýrsla

2024

Orð frá framkvæmdastjóra

Árið 2024 hefur verið ár mikillar grunnvinnu og undirbúnings fyrir markvissar framfarir. Við höfum styrkt innviði okkar til að mæta betur kröfum nútímans og tryggja að starfsemi okkar endurspegli þá ábyrgð sem felst í því að vera leiðandi lágvöruverðsverslun á Íslandi. Viðskiptavinir, starfsfólk, umhverfi og samfélag eru áfram efst í huga – órjúfanlegur hluti af okkar daglega rekstri, ákvarðanatöku og framtíðarsýn.

Ódýrast vikunnar

Við höfum staðið vörð um verðlag og stutt við viðskiptavinum með því að lækka verð á yfir 500 vörum og halda verði óbreyttu á 250 vörum til viðbótar – í umhverfi þar sem verðhækkunir eru bæði algengar og óumflýjanlegar. Baráttan gegn verðhækkunum og markvissri leit að lægri matarkörfu er okkar stærsta samfélagsverkefni – og við erum stolt af árangrinum á þessu ári. Sérstaklega vil ég nefna „Ódýrast vikunnar“, sem hefur slegið í gegn með vikulegum tilboðum á sex vörum sem nýtast fjölskyldum í grunninnkaupum.

Aukin þjónusta

Árangurinn í innkaupum hefur skilað sér í bættri þjónustu. Við höfum lengt opnunartíma í ellefu verslunum til kl. 21, bætt við yfir 500 nýjum vörum í framboð okkar, aukið aðgengi að barnavörum, leikföngum og sett barnakerrur og ávexti fyrir börn í verslanir – allt með það að markmiði að gera innkaupin þægilegri fyrir fjölskyldur. Þá settum við GRIPID & GREITT upp í fimm verslunum til viðbótar, við mjög góðar undirtektir viðskiptavina.

Á árinu höfum við einnig nýtt mjög mikilvægt samfélagsverkefni – Barnabónus – sem styður við barnafjölskyldur og léttir undir með nýbökudum foreldrum. Gjafapakkar með hagnýtum og vönduðum vörum fyrir fyrstu mánuði barnsins eru afhentir án endurgjalds. Barnabónus er skýrt dæmi um hvernig við viljum vera raunverulegur stuðningur á mikilvægum tímamótum í lífi fólks.

Umhverfi og samfélag

Umhverfismálin hafa einnig verið í forgrunni. Við höfum dýpkað skilning okkar á áhrifum rekstrarins á umhverfið og eft gagnasöfnun og aðgerðir í loftslagsmálum með markvissum hætti. Við höfum stækkað kolefnisbókhalðið og mótað mælanleg markmið sem munu leiða okkur áfram í átt að minni losun og sjálfbærari starfsemi.

Við höfum einnig haldið áfram að styðja við fjölbreytt góðgerðarmálefni og samfélagsverkefni, þar á meðal Íþróttafélög um land allt, Jól í skókassa, Bleiku slaufuna, söfnun fyrir Bryndísi Klöru og fjölda annarra mikilvægra verkefna.

Ég er þakklátur fyrir samstöðu starfsfólks okkar, samstarfsaðila og viðskiptavina – án þeirra trausts væri ekkert af þessu mögulegt. Með þér í liði höldum við áfram að byggja upp öflugt og ábyrgt Bónus – fyrir íslenskt samfélag í dag og á morgun.

Björgvin Víkingsson
Framkvæmdastjóri





Bónus í hnotskurn

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem hefur frá stofnun árið 1989 staðið fast við það markmið að bjóða íslenskum heimilum lægsta mögulega matvöruverð. Að baki stofnun fyrirtækisins stóðu feðgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson, sem opnuðu fyrstu verslunina við Skútuvog í Reykjavík þann 8. apríl það ár. Verslunin var aðeins 400 fermetrar að stærð, en hugmyndin að baki versluninni var stór – að lækka vöruverð með einföldum rekstri, lágri álagningu og hagrænum innkaupum. Viðtökur landsmanna voru frábærar frá fyrsta degi, og Bónus sló í gegn með nýjum og hagkvæmu viðskiptamódeli sem hafði ekki áður sést í íslenskri dagvöruverslun.

Hönnun og rekstur verslana Bónus hafa alla tíð miðast við að halda kostnaði í lágmarki. Áhersla er lögð á einfaldleika, lítinn íburð í búðum, stöðugt kostnaðaraðhald og mikinn veltuhraða birgða. Með þessum hætti hefur fyrirtækið getað staðið við loforð sitt um lágt vöruverð, óháð því hvar á landinu verslanirnar eru staðsettar.

Sama verð um allt land er stefna sem hefur reynst íslenskum neytendum afar dýrmæt, sérstaklega í ljósi þess að Bónus hefur ávallt látið viðskiptavininn njóta hluta ábatans af hagstæðum innkaupasamningum með því að halda álagningu í lágmarki.

Frá fyrstu dögum hefur einfaldleiki í rekstri og stefnumarkandi vöruval verið hornsteinar í starfsemi fyrirtækisins. Í lok árs 2024 taldi keðjan alls 33 verslanir og starfsmenn Bónus voru um 1.100 talsins. Þrátt fyrir vöxt og stækkun hefur fyrirtækið haldið tryggð við grunnstefnu sína; að bjóða einfalt, skilvirkt og hagkvæmt verslunarumhverfi þar sem neytandinn er í öndvegi.

Þannig hefur Bónus, með rætur í einfaldri hugmynd feðganna Jóhannesar og Jóns Ásgeirs, orðið ein af hornsteinum íslenskrar dagvöruverslunar – verslunardeja sem nýtur trausts almennings og gegnir lykilhlutverki í daglegu lífi landsmanna.

**Bónus allra
landsmanna**


Stefnumótun á sviði sjálfbærni

Bónus hefur farið í gegnum stefnumótunarvinnu á sviði sjálfbærni ásamt öðrum dótturfélögum Haga. Framkvæmd var greining á sjálfbærnitengdum áhrifum, áhættu og tækifærum í þeim tilgangi að ákvarða hvaða sjálfbærnimálefni væru mikilvægust fyrir fyrirtækið. Þessi vinna lagði grunn að uppfærðum sjálfbærni- og umhverfisstefnum Bónus auk þess sem félagið setti sér markmið og skilgreindi leiðir að markmiðum.

Sjálfbærnitengd áhrif Bónus geta ýmist verið raunveruleg eða möguleg, jákvæð eða neikvæð og átt sér stað í eigin starfsemi eða í virðiskeðju félagsins. Á meðal mikilvægustu áhrifa Bónus er losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju félagsins, áhrif á kjör og lýðheilsu neytenda, sem og þau áhrif sem félagið hefur á eigin mannauð t.a.m. með aðgerðum félagsins í tengslum við heilsu- og öryggismál, jafnréttismál og starfsþróunarmál.

Við mat á fjárhagslegri áhættu í tengslum við stefnumótunarvinnu var horft til atriða sem geta haft fjárhagsleg áhrif á félagið. Helstu sjálfbærnitengdu áhætturnar í starfsemi Bónus eru kerfislægur vöruskortur vegna uppskerubrests í virðiskeðju sem orsakast af loftslagsbreytingum, fjárfestingar í umhverfissvænni tækjakosti, s.s. kælikerfum og rafbílum, og hæði gagnvart eigin mannauði.

Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig mismunandi sjálfbærnimálefni raðast eftir mikilvægi fyrir Bónus.



Bónus sem öflugt félag á smásölumarkaði er í daglegum tengslum við almenning í landinu. Bónus hefur lagt metnað sinn frá upphafi í að þjóna íslenskum neytendum með ábyrgum hætti. Sjálfbærnistefna Bónus er langtímaáætlun félagsins um hvernig það getur lagt sinn skerf til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða heilbrigðum rekstri. Stefnan segir auk þess til um hvernig samskiptum við hagsmunaaðila verði háttáð. Helstu hagsmunaaðilar Bónus eru starfsfólk, hluthafar, viðskiptavinir, birgjar og fjölmiðlar auk samfélagsins í heild sinni.

Stefnuýfirlýsing

Bónus vill láta gott af sér leiða og starfa í sátt við samfélag og umhverfi. Bónus vill eiga gott samstarf við hagsmunaaðila sína og skapa þeim virði með ákvörðunum sínum. Sjálfbærni er hluti af grunnrekstri félagsins og er höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku í stórum málefnum. Við mat á árangri skal horft til þeirra áhrifa sem félagið hefur á samfélag sitt og umhverfi, auk arðsemi.

Meginstoðir stefnu

Stefna Bónus um sjálfbærni byggir á fjórum meginstoðum. Stoðirnar móta þær áherslur sem félagið fer eftir og mótar þau lykilverkefni sem unnið er að hverju sinni. Meginstoðirnar fjórar eru ekki innbyrðis háðar og ein stoð er ekki annarri mikilvægari.

Umhverfi

Bónus leggur áherslu á að þekkja þau beinu og óbeinu áhrif sem starfsemi félagsins hefur á umhverfið og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Með neikvæðum áhrifum er einkum átt við losun gróðurhúsalofttegunda, hvers konar mengun, matarsóun og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

Mannauður

Bónus kappkostar að tryggja vellíðan og öryggi starfsfólks. Jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllum ákvörðunum og skapar félagið virði fyrir atvinnulífið með menntun og þjálfun starfsfólks. Jafnframt leggur Bónus áherslu á að réttindi starfsfólks í virðiskeðju félagsins séu virt.

Neytendur

Hagsmunir neytenda og lýðheilsa eru höfð í fyrirrúmi í starfsemi Bónus. Lögð er áhersla á ríkulegt framboð af heilsusamlegum valkostum auk þess að bjóða neytendum hagstæðustu kjör hverju sinni óháð staðsetningu. Þá styður félagið ýmis samfélagsleg málefni hvort sem er í formi styrkja eða samstarfsverkefna.

Sjálfbærniáherslur Bónus

Umhverfi	Mannauður	Neytendur
Loftslagsbreytingar Hringrásarhagkerfi Líffræðileg fjölbreytni	Starfsánægja Jafnrétti og fjölbreytni Heilsa og öryggi Starfsþróun Starfsfólk í virðiskeðju	Kjör neytenda Lýðheilsa Aðgengi Upplýsingar

Stjórnarhættir

Bónus starfar eftir þeim lögum og reglum sem félaginu ber að fylgja, sem og leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Auk þess hefur félagið sett sér siða- og samskiptareglur sem fylgt er í hvívetna í starfseminni.

Framkvæmd og gildissvið

Stjórn félagsins og stjórnendur láta sig málaflökkinn varða og bera á honum ábyrgð. Markvisst er unnið að framfylgd stefnunnar innan félagsins.

Bónus er aðili að sjálfbærniráði Haga en þar eru a.m.k. einn aðili frá hverju dótturfélagi Haga. Sömuleiðis eru aðilar úr móðurfélagi í ráðinu og skulu aðilar funda með reglulegu millibili. Hlutverk sjálfbærniráðsins er að stuðla að fræðslu fyrir starfsfólk með það að markmiði að efla sjálfbærnivitund ásamt því að samræma aðgerðir innan dótturfélaga eins og kostur er.

Sjálfbærnistefnan og árangursmat hennar er hluti af stefnumótun innan félagsins og hana skal endurskoða að lágmarki á 12 mánaða fresti.



Sjálfbærniskýrsla 2024

Umhverfið

Umfang

Með gerð þessarar stefnu skuldbindur félagið sig til að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið. Stöðugt ber að fylgja eftir stefnumótun og stjórnun umhverfismála í ljósi nýrra laga og reglna, starfshátta þeirra atvinnugreina sem félagið starfar í, tækniþróunar, þarfa neytenda og væntinga viðskiptavina.

Umhverfisstefna

Umhverfisvernd skal höfð að leiðarljósi í starfsemi félagsins.
Umhverfisstefna Bónus byggist á fjórum meginstoðum:

- Loftslagsmál
- Hringrásarhagkerfi
- Líffræðileg fjölbreytni

1 Loftslagsmál

Bónus leggur áherslu á að þekkja áhrif félagsins á loftslagið og draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þá er á sama tíma mikilvægt að tryggja seiglu félagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Sérstök áhersla er lögð á að Bónus:

- Mæli og hafi reglulegt eftirlit með losun gróðurhúsalofttegunda, bæði í eigin rekstri sem og í virðiskeðju sinni.
- Setji sér markmið um samdrátt í losun með hliðsjón af markmiðum íslenskra stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins.
- Innleiði og endurskoði með reglubundnum hætti aðgerðaráætlun sem miðar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.
- Hugi sérstaklega að orkusparandi aðgerðum í allri starfsemi, hvort sem er á skrifstofum, í verslunum og í framkvæmdum á vegum félagsins.
- Taki mið af sjálfbærnisþjóðarmiðum við innkaup í þágu starfseminnar.
- Fjárfesti með ábyrgum hætti í verkefnum sem hafa það að markmiði að binda kolefni úr andrúmslofti.
- Vinni markvisst að því að auka seiglu og aðlögunarhæfni gagnvart mögulegum afleiðingum loftslagsbreytinga, s.s. uppskerubrestum í virðiskeðju félagsins.

2 Hringrásarhagkerfi

Það er stefna Bónus að lágmarka sóun og innleiða hringrásarhugsun í starfsemi félagsins. Einkum er lögð áhersla á að:

- Halda úti mælingum á vörusóun og þeim úrgangi sem fellur til í starfseminni.
- Leita stöðugt leiða til að draga úr vörusóun, minnka úrgangsmagn og bæta flokkunar- og endurvinnsluhlutfall.
- Hafa sjálfbærnisjónarmið að leiðarljósi við hönnun og efnisval á umbúðum fyrir eigin framleiðsluvörur.

3 Líffræðileg fjölbreytni

Þótt þekking á áhrifum félagsins á líffræðilega fjölbreytni sé enn takmörkuð, er það þekkt að matvælaframleiðsla getur haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika á sama tíma og slík framleiðsla reiðir sig að miklu leyti á hann. Það er stefna Bónus að efla þekkingu sína á slíkum neikvæðum áhrifum, einkum í virðisdeðju félagsins, og kappkosta að draga úr þeim eftir fremsta megni.

Eftirfylgni og endurskoðun

Umhverfisstefnan er unnin í samstarfi við Haga og hin dótturfélagin. Framkvæmdastjórn Bónus er ábyrg fyrir framkvæmd og eftirfylgni með umhverfisstefnu félagsins í nánú samstarfi við forstöðumann sjálfbærni hjá Högum og sjálfbærniráð Haga. Umhverfisstefna félagsins er sett til tveggja ára í senn og skal yfirfarin og endurmetin að þeim tíma liðnum.

Kolefnisbókhald Bónus er unnið í samræmi við Greenhouse Gas Protocol staðalinn sem skiptir losun upp í þrjú umfang:

- Umfang 1** nær til beinnar losunar frá starfsemi Bónus. Um er að ræða þá losun sem verður til í rekstri félagsins, s.s. vegna eldsneytisbruna farartækja eða gasleka af kælikerfum.
- Umfang 2** nær til óbeinnar losunar vegna aðkeyptrar orku. Hér er um að ræða losun sem verður til við framleiðslu á því rafmagni og heitavatni sem notað er í starfsemi Bónus.
- Umfang 3** nær svo til annarar óbeinnar losunar sem á sér stað í virðiskeðju Bónus og er tilkomin vegna viðskiptaumsvifa félagsins. Umfang 3 inniheldur 15 losunarflokka sem skiptast í aðstreymi (e. upstream) og frástreymi (e. downstream).

- Umfang 1**
Losun í umfangi 1hækkar um 86% milli ára, sem skýrist af aukinni lekalosun vegna kælikerfa, en stór leki var á kælikerfi verslunar að Kjarnagötu á Akureyri á árinu. Kælikerfið hefur nú verið kolsýruvætt, sem mun leiða til töluvert minni gróðurhúsaáhrifa frá því kælikerfi til frambúðar.
- Umfang 2**
Losun í umfangi 2 lækkar um 13,5% á milli ára sem skýrist einkum af breytingu á losunarstuðli.

- Umfang 3**
Mæld losun vegna aðkeyptrar vöru til endursölu lækkaði um 16,8% á milli ára, sem skýrist fyrst og fremst af betri gæðum gagna til útreikninga. Árið 2023 var losun vegna innkaupa reiknuð 35,4% út frá þyngdum vöru og 64,6% út frá kostnaði. Það hlutfall sem reiknað er út á grundvelli þyngda hækkaði hins vegar í 74,1% á árinu 2024, sem skilar nákvæmari niðurstöðu, en farin var sú leið að afla upplýsinga um meðalþyngdir einstakra vara frá vigtum á sjálfsagreiðslukössum.
- Losun vegna úrgangs lækkar um 83,6% á milli ára vegna hærri flokkunarhlutfalls, en einkum bættrar úrgangsmeðhöndlunar þjónustuaðila.

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2022	2023	2024
Umfang 1	tCO ₂ í	1.794	1.554	2.895
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ í	220	229	198
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO ₂ í	220	5.512	6.584
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	2.014	1.783	3.093
Umfang 3	tCO ₂ í	241.327	260.955	216.996
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	tCO ₂ í	243.341	262.738	220.089
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (með markaðsaðgerðum) og 3)	tCO ₂ í	243.341	268.021	226.475
Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics & Targets				2.895
Umfang 1 - samsetning losunar	Eining	2022	2023	2024
Heildarlosun	tCO ₂ í	1.794,4	1.554,1	2.895,4
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	72,3	70,8	84,0
Lekalosun	tCO ₂ í	1.722,1	1.483,3	2.811,4
Umfang 2 - samsetning losunar	Eining	2022	2023	2024
Heildarlosun	tCO ₂ í	219,7	228,7	197,9
Rafmagn	tCO ₂ í	110,0	108,7	95,4
Hitaveita	tCO ₂ í	109,4	119,9	102,5

Umfang 3 - losun á fyrri stigum	Eining	2022	2023	2024
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta				
Heildarlosun	tCO ₂ í	240.923	260.579	216.877
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi				
Heildarlosun	tCO ₂ í	65,2	70,5	67,0
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO ₂ í	17,8	17,3	20,9
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO ₂ í	0,4	0,4	0,4
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO ₂ í	47,1	52,9	46,0
Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing				
Heildarlosun	tCO ₂ í	1,2	0,5	0,5
Flugfrakt	tCO ₂ í	1,2	0,5	0,1
Vegflutningar	tCO ₂ í	0,0	0,0	0,1
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri				
Heildarlosun	tCO ₂ í	335,0	308,9	49,9
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	335,0	308,9	49,9
Flokkur 6: Viðskiptaferðir				
Flugferðir		2,4	0	0,9

Aðgerðir til kolefnisbindingar



Myndir frá verkefnum sem ganga út á kolefnisbindingu og Bónus tekur þátt í.

Þótt aðaláhersla sé lögð á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda hjá Bónus þykir okkur jafnframt mikilvægt að styðja við lausnir sem miða að bindingu kolefnis eða forðun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Það er stefna Bónus að fjárfesta í fjölbreyttum og ábyrgum verkefnum sem leggja áherslu á rekjanleika og mælingar. Mikilvægt er að kolefnisjafna reksturinn með trúverðugum og ábyrgum hætti og velja verkefni sem hafa raunverulegan loftslagsávinning í för með sér. Þá leggjum við áherslu á að fjárfestingin skili sér innanlands eða til samfélaga sem eru einstaklega viðkvæm fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Við höfum fjárfest í eftirfarandi verkefnum með öðrum dótturfélögum Haga auk þess sem Bónus hefur tekið þátt í að safna birkifræjum í þeim tilgangi að rækta upp birkiskóga á Íslandi.

Bio-Logical

Binding kolefnis með framleiðslu lífkola úr hnetuskeljum í Kenía. Verkefnið hefur tengingu við matvælaframleiðslu þar sem lífkol eru notuð til að auðga jarðveg til ræktunar. Áætlaður varanleiki bindingarinnar er a.m.k. 100 ár, en gæti numið margfalt því. Verkefnið er vottað af puro.earth. Í samvinnu við önnur dótturfélög Haga var fjárfest í 83 vottuðum kolefniseiningum sem munu raungerast á þessu ári.

Carboneers

Binding kolefnis með framleiðslu á handgerðum lífkolum í Indlandi. Verkefnið leggur jafnframt áherslu á valdeflingu kvenna, en 60% stjórnenda verkefnisins eru konur. Verkefnið hefur verið vottað af Carbon Standards International og Bónus hefur í samvinnu við önnur dótturfélög Haga fjárfest í 42 kolefniseiningum.

Ísorka

Forðun kolefnislosunar með uppsetningu og auknu aðgengi að rafhleðslustöðvum. Verkefnið hefur hlotið VERRA vottun og Bónus hefur í samvinnu við önnur dótturfélög Haga fjárfest í 2106 kolefniseiningum.

Söfnun birkifræja

Bónus er aðalstyrktaraðili verkefnis Landgræðslunnar og Skógræktarinnar um að safna og sá birkifræjum til að rækta upp birkiskóga á Íslandi. Hægt er að nálgast söfnunarbauka í öllum verslunum Bónus. Söfnun birkifræja er skemmtilegt fjölskylduverkefni og að tína birkifræ er holl og góð hreyfing en að lokinni frætíslu er hægt að skila fræjum í fræsöfnunarkassa í Bónusverslunum. Þeim fræjum sem er safnað er svo sáð í örfoka land víða um Ísland.

Með því að klæða örfoka landsvæði birkiskógi stöðvast kolefnislosun og binding hefst í staðinn. Átakið snýr að bæði loftslags- og umhverfisvernd og er liður í því að útbreiða á ný birkiskóglendi sem þakti a.m.k. fjórðung landsins við landnám en þekur einungis 1,5% lands í dag. Markmið stjórnvalda er að birki vaxi á fimm prósentum landsins árið 2030. Það er í senn metnaðarfullt og mikilvægt starf að auka þekju birkiskóga og birkikjarrs í 5% og því er mikilvægt að virkja sem flesta til þátttöku.



Nýtt og betra flokkunarkerfi

Við höfum haldið áfram að innleiða nýja og endurbætta flokkunaraðstöðu fyrir viðskiptavinum í öllum verslunum Bónus. Þar geta viðskiptavinir okkar flokkað bylgjupappa, pappír, rafhlöður, matarleifar/lífrænt, málma, plastumbúðir, gler með skilagjaldi og plast með skilagjaldi.

Á síðustu árum höfum við unnið markvisst að því að auka flokkun á starfsstöðvum Bónus til að hámarka endurvinnslu- og endurnýtingarmöguleika hvernar verslunar og auðvelda viðskiptavinum þátttöku í flokkun og endurvinnslu úrgangs. Bónus notar við merkingakerfi FENÚR (www.fenur.is) en merkingar úr kerfinu má sjá hér til hliðar.

Framúrskarandi árangur í flokkun

Stóran hluta samdráttis í losun Bónus má rekja til árangurs á sviði úrgangsmála. Við höldum áfram að bæta í þegar kemur að flokkun úrgangs og óhætt er að segja að verulegur árangur hafi náðst í flokkun úrgangs á síðustu árum. Hlutfall flokkaðs úrgangs hefur farið úr 70,6% á árinu 2019 og upp í 79,7% á árinu 2024.

Óflokkaður úrgangur hélt einnig áfram að dragast saman á milli ára. Þrjár bestu búðirnar í flokkun árið 2024 voru Fitjar með 87,9%, Spöngin með 86,5% og Túngata með 85,6%. Markmið Bónus er að ná hlutfalli flokkaðs úrgangs upp í 82% fyrir árið 2027 og það er óhætt að segja að við séum vel á veg komin að ná því markmiði miðað við stöðuna núna.

- Hlutfall flokkaðs úrgangs heldur áfram að hækka og fór úr 78,4% árið 2023 og í 79,7% árið 2024.
- Hlutfall endurheimts úrgangs fór úr 81,0% árið 2023 og í 98,2% árið 2024. Ástæða þessa er bætt meðhöndlun úrgangshirðuaðila, en nú fer mun minna í urðun en áður.
- Magn óflokkaðs úrgangs til urðunar lækkaði um 93,6% á milli árana 2019 og 2024. Árið 2019 fóru 893.542 kg í urðun en einungis 57.042 kg árið 2024.

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Flokkaður úrgangur	Kg	2.140.855	2.352.441	2.244.444	2.388.891	2.452.265	2.509.450
Óflokkaður úrgangur	Kg	891.210	758.753	654.380	681.758	667.682	637.283
Urðun / förgun	Kg	893.542	748.183	652.520	681.770	586.232	57.042
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	70,6%	75,6%	77,4%	77,8%	78,4%	79,7%
Hlutfall endurheimts úrgangs	%	70,5%	75,9%	77,5%	77,8%	81,0%	98,2%



Frá stofnun Bónus hefur það alltaf verið markmið í okkar rekstri að halda matarsóun í lágmarki því hlutverk Bónus er að koma vörum frá framleiðendum til neytenda á sem hagkvæmastan hátt.

Allur ferskur kjúklingur, ferskt lambakjöt (ókryddað) og nautakjöt sem selt er í Bónus er með innbyggt afsláttarkerfi á umbúðum sínum, svokallað "databar" sem gefur sjálfkrafa afslátt við kassann þegar líftími vörunnar er að renna út. Afslátturinn nemur 30% daginn fyrir síðasta söludag og 50% fyrir síðasta neysludag. Með þessu kerfi hafa viðskiptavinir hjálpað okkur að takmarka sóun verulega og notið þess í lægra verði um leið.

Bónus veitir einnig birgjum daglegar söluupplýsingar fyrir hverja vörutegund, brotið niður á hverja verslun og þannig fá birgjar góða yfirsýn yfir sölu og birgðir í öllum verslunum Bónus sem leiðir af sér minni matarsóun.

Samtala lífræns úrgangs og matarleifa var 220.932 kg 2022 en 213.186 kg 2023, sem samsvarar 3,5% lækkun milli ára, þrátt fyrir aukningu í umsvifum. Lífrænn úrgangur hélt áfram að minnka á árinu 2024 og var 199.276 kg en það er 9,8% minnkun frá árinu 2022. Óflokkaður úrgangur var 667.682 kg 2023 en 637.283 kg á árinu 2024 og samsvarar þetta 4,55% minnkun á milli ára.

Bónus hefur verið í samstarfi við systurfyrirtæki sitt, Banana um aukið gæðaeftirlit í verslunum sem tryggir t.d. að nýir ávextir séu ekki settir ofan á gamla þannig að gamlir skemmist undir þeim.

Aðgerðir Bónus síðustu ár í þágu umhverfisins gera neytendum auðveldara að flokka heimilisúrgang sem þýðir að minna fellur til af óendurvinnanlegum úrgangi sem samrýmist markmiðum um að draga úr hvers kyns losun.

Við leggjum okkar lóð á vogaskálarnar með því að vera í hvívetna vakandi fyrir því að minnka matarsóun og fylgja eftir þeim góða árangri sem við höfum náð á síðustu árum.



Starfsfólkið

Fyrsti vinnustaðurinn – mikil ábyrgð og mikil tækifæri

Bónus er oft fyrsti vinnustaður ungs fólks á Íslandi og ber þannig mikla samfélagslega ábyrgð. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti nýju starfsfólki, veita stuðning í starfi og skapa tækifæri til vaxtar og þróunar. Fjöldi stjórnenda innan fyrirtækisins hóf feril sinn í almennum störfum, sem endurspeglar þá stefnu að bjóða upp á raunveruleg tækifæri til framgangs. Meðal starfsaldur verslunarstjóra er um það bil 11 ár og erum við með 4 svæðisstjóra sem eru með yfir 19 ára starfsaldur. Á árinu 2024 var lögð sérstök áhersla á að styrkja leiðtoga og bæta vinnuumhverfið – meðal annars með styttingu vinnutíma stjórnenda og auknum sveigjanleika.

Jafnrétti og fjölbreytileiki

Jafnrétti og jöfn tækifæri eru grunnstoðir í allri starfsemi Bónus. Um 38% starfsfólks eru konur og 62% karlar, og saman eru starfsmenn af yfir 40 þjóðernum. Heildarfjöldi starfsmanna er um 1.100 – þar af eru um 600 yngri en 20 ára, sem undirstrikar mikilvægi Bónus sem fyrsta vinnustaðar fyrir ungt fólk. Fyrirtækið er með jafnlaunavottun og tryggir jöfn laun fyrir sambærileg störf óháð kyni. Árið 2024 mældist launamunur kynjanna einungis 0,1% körlum í hag. Bónus hefur um árabíl tekið virkan þátt í verkefninu *Atvinna með stuðningi* í samstarfi við Vinnumálastofnun og er einn stærsti vinnustaður þátttakenda í verkefninu á landinu. Í dag starfa 47 einstaklingar með skerta starfsgetu hjá fyrirtækinu – sá sem lengst hefur starfað í gegnum verkefnið hefur verið hjá Bónus í yfir 23 ár. Við höfum einnig verið í samstarfi við grunnskóla og fjölmargar stofnanir til að bjóða vinnumöguleika fyrir ungt fólk, flóttafólk og aðra í viðkvæmri stöðu. Markmiðið er að auka aðgengi að vinnumarkaði og fjölbreytileika innan starfsfólks Bónus.

Markviss fræðsla og samskipti

Þjálfun og fræðsla eru lykilþættir í starfsemi Bónus. Við viljum að starfsfólk viti til hvers er ætlast af því, upplifi öryggi í starfi og fái tækifæri til að vaxa í sínu hlutverki. Á árinu 2024 var unnið að sérstökum samskiptasáttmála með starfsfólki með það að markmiði að stuðla að skýrum, jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum í daglegu starfi. Við framkvæmum reglulega könnun á líðan og starfsanda með Moodup og mældist árangurinn á síðasta ári 7,3. Árangurinn sést meðal annars í því að Bónus hlaut viðurkenninguna *Vinnustaður í fremstu röð* árið 2024 fyrir framúrskarandi niðurstöður í þessum mælingum.

Heilsa og vellíðan starfsfólks

Við leggjum ríka áherslu á heilsueflingu og hollan lífsstíl á vinnustaðnum. Starfsfólk hefur tækifæri til að sækja um líkamsræktarstyrk og nýtur jafnframt aðgangs að ferskum ávöxtum og grænmeti á vinnutíma. Þá er einnig opið aðgengi að Velferðatorgi Bónus þar sem í boði eru fjölbreytt úrræði sem styðja við líkamlega, andlega og félagslega vellíðan, meðal annars sálfræðipjónusta, sjúkrabjálfun, markþjálfun, fjármálaráðgjöf og fleiri úrræði sem geta nýst í daglegu lífi. Markmið okkar er að skapa starfsumhverfi þar sem starfsfólk getur notið sín, vaxið í starfi og fundið fyrir öryggi og stuðningi – bæði andlega og líkamlega.





Samfélagið og neytendur

Ábyrg verðlagning

Frá upphafi hefur Bónus haft það að markmiði að bjóða neytendum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Þessi einfalda, en sterka hugmyndafræði hefur skapað traust og tryggt meðal íslenskra heimila.

Eitt stærsta samfélagsverkefni Bónus er að tryggja sama verðlag um land allt – þannig stuðlum við að jöfnu aðgengi að hagkvæmum matvörum, óháð búsetu. Þar sem verslanir Bónus opna, lækkar matvöruverð oft í nærumhverfinu og hefur fyrirtækið því haft mælanleg áhrif á verðþróun víða um land.

Árið 2024 var sérstök áhersla lögð á að draga úr áhrifum verðhækkana frá birgjum. Hagar, móðurfélag Bónus, átti virkt samtal við birgja og framleiðendur og tók skýra afstöðu gegn óhóflegum verðhækkunum sem ekki byggðu á raunverulegum kostnaðarbreytingum. Í mörgum tilvikum leiddi þessi samstaða til þess að fyrirhugaðar hækkanir voru dregnar til baka – sem hafði einnig jákvæð áhrif á forsendur kjarasamninga síðar sama ár.

Bónus vörur

Til að koma til móts við breyttar neysluvenjur viðskiptavina hefur vöruúrval Bónus aukist til muna með hverju ári. Í dag er Bónus með um 6500 vörunúmer í verslunum sínum. Vöruúrvalið er því mjög fjölbreytt og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í hillum Bónus. Þrátt fyrir aukið vöruúrval hefur Bónus aldrei kvikað frá upprunalegri hugmyndafræði sinni, að selja gæðavörur á lægsta mögulega verði.

Í viðleitni okkar til að tryggja lágt vöruverð höfum við verið með vörulínu sem ber merki Bónus en þessi vörulína hefur verið að stækka jafnt og þétt síðustu árin.

Nú eru um 310 Bónusvörur hluti af vörulínunni en nánast allar vörurnar eru framleiddar á Íslandi eða þeim pakkað hér á landi. Bónus vörulínan nær yfir flest allar hefðbundnar matvörur til heimilishaldsins og eru oftast mest seldu vörurnar í Bónus í hverjum flokki. Bónusréttirnir og Bónussúpurnar eru dæmi um vel heppnaðar vörulínur sem slegið hefa í gegn.



Allt ódýrt auglýsingaherferðin

Sumarið 2024 réðst Bónus í markaðstáttak undir yfirskriftinni Allt ódýrt. Á 35 ára afmæli Bónus þótti tilvalið að minna rækilega á fyrir hvað Bónus stendur – og hefur alltaf staðið fyrir frá upphafi; að bjóða nauðsynjavörur á lægra verði en aðrir og í langflestum tilvikum lægsta mögulega verð, hvort sem litið er til samkeppninnar eða utanaðkomandi aðstæðna.

Bónus var stofnað með það að markmiði að bæta hag neytenda – og sú stefna hefur ekki breyst. Bónus hefur ekki verið þekkt fyrir tilboð og viðskiptavinir eiga að geta gengið að því vísu að í Bónus sé ekki bara „sumt“ ódýrt, heldur „allt“.

Herferðin hefur birst í öllum miðlum, prentuðum og stafrænum, en ekki hvað síst í kómískum, leiknum sjónvarpsauglýsingum, þar sem Sigurjón Kjartansson leikur ábúðarfullan verslunarstjóra og Viktor Breki Auðunsson harðduglegan og ofurliðlegan Bónusstarfsmann sem fær það óyfistíganlega verkefni að merkja allar vörur í öllum 33 búðum Bónus sem ódýrar.

Herferðin mæltist vel fyrir og fékk jákvæð viðbrögð meðal almennings. Hún skilaði einnig góðum árangri – og höfum við því ráðist í að láta gera fleiri auglýsingar með þeim félögum, til að auglýsa m.a. nýtt/endurvakið Bónusblað og nýtt tilboðshugtak sem við köllum „Ódýrast vikunnar“. Í þeim auglýsingum er Sigurjón reyndar ekki á staðnum, en stöðugt nálægur, í síma eða gegnum eftirlitskerfi búðarinnar.

Samhliða áherslunni á slagorð herferðarinnar, *Allt ódýrt*, hefur orðinu „ódýrt“ verið laumað inn í flest annað markaðsefni í orðum eins og Bolludagsódýrt, Sprengidagsódýrt, Páskódýrt, Sumargjafaódýrt o.fl. o.fl.



Aukin þjónusta við neytendur

Barnabónus – stuðningur við nýjar fjölskyldur

Bónus hóf á árinu nýtt samfélagsverkefni undir heitinu *Barnabónus*, sem miðar að því að styðja við barnafjölskyldur og létta undir með nýbökuðum foreldrum. Um er að ræða veglega vöggugjöf með hagnýtum og vönduðum vörum fyrir fyrstu mánuði í lífi ungabarns. Hugmyndin að *Barnabónus* kemur upprunalega frá Finnlandi en þar hefur barnabox með ýmsum barnavörum verið eitt af þekktustu og áhrifaríkustu félagslegu verkefnum Finna frá því fyrir miðja 20. öld. Finnsla ríkið kom Barnaboxinu á fót árið 1938 til að styðja við nýja foreldra og draga úr fátækt. Bónus hefur í yfir 36 ár tekið þátt í að auka hagsæld á Íslandi og stuðlað að því að bæta lífsgæði fjölskyldna með því að bjóða upp á hagkvæmari kost á nauðsynjavörum. Þetta verkefni fellur því vel að stefnu og grunngildum Bónus.



Gjafaboxið er samsett í samstarfi við ljósmæður og fagfólk og inniheldur meðal annars bleyjur, ungbarnagalla, þvottaefni, snuð og ýmsar nauðsynlegar heimilsvörur. Foreldrar skrá sig til þátttöku á bonus.is/barnabonus.

Barnabónus er liður í þeirri stefnu Bónus að styðja við fjölskyldur og samfélagið á mikilvægum tímamótum – með raunverulegum stuðningi sem skiptir máli og hefur verkefnið fengið afar góðar viðtökur.

GRIPID & GREITT

GRIPID & GREITT er þægileg sjálfsafgreiðslulausn í verslunum Bónus sem var innleidd árið 2023 og hefur verið afar vel tekið af viðskiptavinum. Til að nota GRIPID & GREITT þarf viðskiptavinur að vera með Bónus smáforritið virkt í símanum sínum. Við innganginn í versluninni skráir viðskiptavinur sig inn og fær úthlutað handskanna úr tækjaveggnum. Að því loknu eru vörurnar skannaðar beint í pokann og þarf því ekki að taka þær upp aftur á greiðsluvæðinu. Það þarf einungis að skanna kóða við afgreiðslukassa merktum GRIPID & GREITT, klára greiðsluna – og halda áfram út í daginn. Einfalt og þægilegt!

Tækið tengist viðskiptavininum persónulega í gegnum smáforritið, sem gerir honum kleift að nýta eigin innkaupalista, skoða kvittanir og fylgjast með innkaupasögu sinni. Nýir eiginleikar sem auka enn frekar á þægindi og yfirsýn viðskiptavina verða innleiddir í áföngum eftir því sem tæknin þróast.

Nú þegar eru 12 verslanir með GRIPID & GREITT í notkun og við vinnum markvisst að því að fjölga þeim jafnt og þétt á næstu árum.



Uppsprettan er nýsköpunarsjóður á vegum Haga en öll dótturfélögin taka þátt í starfi sjóðsins. Tilgangurinn er að virkja og styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenskri matvælaframleiðslu en sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á stuðning við frumkvöðlaverkefni sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Einkum er horft til þess að hugað sé að umhverfisáhrifum við framleiðslu og dreifingu, sem og betri nýtingu á hráefnum eða minnkun á matarsóun.

Þetta er í fjórða sinn sem veittir eru styrkir úr Uppsprettnunni, en alls hafa 41 verkefni hlotið styrk úr sjóðnum frá stofnun hans árið 2021. Auk fjárhagslegs stuðnings fá styrkhafar ráðgjöf og aðstoð við að koma afurðum sínum í matvöruverslanir. Alls bárust tugir umsókna um styrk í sjóðinn og matsnefnd valdi níu verkefni til styrkveitingar.

Starfsfólk Bónus deilir reynslu til frumkvöðla

Uppsprettan veitir frumkvöðlum ekki bara fjárhagslegan styrk til nýsköpunarverkefna heldur býr Bónus yfir mikilli reynslu og þekkingu í verslun, innflutningi, framleiðslu á matvælum og umbúðahönnun svo eitthvað sé nefnt. Starfsfólk Bónus getur því aðstoðað styrkhafa í raun með allt ferlið þar til að varan er tilbúin til sölu í verslunum Bónus.

Slagorð Uppsprettnunnar er "Virkjum kraftinn og gerum það saman." Það er okkar hugsjón að kraftur frumkvöðla með stuðningi og þekkingu starfsfólks Bónus leiði af sér nýjar hugmyndir sem að stuðli að grósku í sjálfbærari framleiðslu í matvælaíðnaði landsmönnum öllum til góða.



Frá afhendingarathöfn styrkjanna

Styrkhafar Uppsprettnunnar

TROPIC

Framleiðsla og markaðssetning á gómsætum eftirrættum úr plöntufæði. Kristín Amy, sem fer fyrir verkefninu, er nú þegar með ýmsar heilsuvörur til sölu í verslunum Hagkaups undir vörumerkinu Tropic.

PUFF

Framleiðsla og markaðssetning á loftpoppuðu poppkorni með fjölbreyttum og frumlegum bragðtegundum. Stofnendur PUFF eru þeir Arnar Valgeirsson, Árni Hreiðarsson og Eiður Kristjánsson.

ÍSPONICA

Lóðrétt grænmetisræktun (e. vertical farm) á Hofsósi þar sem ræktaðar verða sprettur, radísur, baunaspíru og sveppir. Frumkvöðullinn á bak við verkefnið er Amber Monroe.

FEED THE VIKING

Framleiðsla og markaðssetning á gírnilegum íslenskum grýtum úr frostþurrkuðu hráefni. Feed the Viking, sem stofnað var af Friðriki Guðjónssyni, er þegar í dag að bjóða upp á fjölbreytt úrval af frostþurrkuðum vörum í verslunum Hagkaups.

BRÚNASTAÐIR

Fjölskyldan á Brúnastöðum í Skagafirði fær styrk til framleiðslu og þroskunar á hágæða geitaosti. Hluti af þroskunarferlinu felst í að láta ostinn liggja í bjórbaði.

SEA GROWTH

Undirbúningur á framleiðslu hágæða sjávarfangs beint úr fiskfrumum með sjálfbærum aðferðum. Aðferðin byggir á því að einangra stofnfrumur úr hrogni og rækta þær upp í vöðva- og fitufrumur. Að verkefninu standa Birgitta Ásgrímsdóttir og Alexander Schepsky.

HD GRILL

Framleiðsla og markaðssetning á tólgi og soði úr vannýttum dýraafurðum. Félagarnir Halldór Sverrisson og Davíð Clausen standa að verkefninu.

RE ARGENTINA

Framleiðsla og markaðssetning á ljúffengum eftirrættum að argentínskum sið. Stofnandi verkefnisins er Carla Ines Valvo.

VILLT AÐ VESTAN

Frekari vöruþróun á úrvals sósu- og súpublöndum úr íslenskum villisveppum. Verkefnið er í höndum Sæbjargar Freyju Gísladóttur og Eyvindar Atla Gíslasonar frá Flateyri. Þau hafa áður hlotið styrk úr Uppsprettnunni og fóru inn með vörur sínar í Hagkaup skömmu fyrir síðustu jól.

Styrkir til íþróttá á árinu

Við höfum verið iðin við að styðja hvers kyns íþróttá- og æskulýðsstarf. Bónus er styrktaraðili fjölda íþróttafélaga um allt land, þá einna helst í hand-, fót- og körfubolta. Má þar nefna fjölmörg félög eins og FH, Stjórnuna, Hauka, Gróttu, Reyni Sandgerði, KA, ÍA, Selfoss, Þrótt Vogum, Vestra, Aftureldingu, Ármann, Fjölni, Fylki, HK, ÍBV, Leikni, Skallagrím, Snæfell, Víking og Þór.

Bónusmótið á Selfossi

Bónusmótið í handbolta er haldið á hverju ári, en það er stærsta handboltamót á Íslandi. Mótið er fyrir iðkendur 7. flokks og eru þátttakendur um 900 kátir krakkar. Mótið er tvískipt í stelpu- og strákamót.

Bónus deildin í körfunni

Bónus og Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) hafa gert með sér samstarfssamning og verður Bónus einn af aðal samstarfsaðilum KKÍ. Úrvalsdeildir karla og kvenna munu nú bera nafn Bónus, *Bónus deildin* en einnig mun Bónus styðja við landsliðs- og afreksstarf KKÍ.




Markmið samstarfs KKÍ og Bónus er að gera sýnileika Bónus sem mestan í körfuknattleik á Íslandi og hvetja almenning að versla heilsusamlegar vörur. Sérstök áhersla verður á ávexti og grænmeti og þannig efla lýðheilsu landsmanna enn frekar og mun Bónus því koma með ferska sýn inn í starfsemi KKÍ og körfuboltans á Íslandi.

Komdu í körfu! Frí prufuvika

Bónus bauð krökkum um allt land sem höfðu áhuga á að prófa körfubolta, fría prufuviku 16.-21. sept 2024. Markmiðið verkefnisins var að hvetja iðkendur til að taka skrefið og mæta á æfingu hjá sínu félagi.

Fjölskylduvæn upplifun í verslunum

Í Bónus viljum við skapa notalegt og fjölskylduvænt andrúmsloft í verslunum – ekki síst fyrir þau allra yngstu. Í verkefninu *Glaðir gríslingar* bjóðum við börnum sem heimsækja verslanirnar ókeypis ávexti og smágjafir, með það að markmiði að gera innkaupaferðina skemmtilegri fyrir fjölskylduna.



Ýmis samfélagsleg verkefni

Bónus og Blindrafélagið

Allt frá því að Bónus hóf starfsemi sína árið 1989 hefur fyrirtækið verið stoltur samstarfsaðili Blindravinnustofunnar. Blindravinnustofan gegnir mikilvægu hlutverki í því að skapa blindu og sjónskertu fólki atvinnu en stærsti hluti starfseminnar er pökkun á hreinlætisvörum til endursölu. Bónus selur auk þess dagatal þar sem hagnaður fer í kaup á leiðsöguhundum fyrir blinda og sjónskerta.

Bónus og Veraldarvinir

Bónus er stoltur samstarfs- og styrktaraðili Veraldarvina en Veraldarvinir eru íslensk sjálfbóðasamtök sem setja umhverfismál í öndvegi. Markmið Veraldarvina er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og betri umgengni manna við umhverfið. Um 1500 sjálfbóðaliðar koma til landsins á vegum Veraldarvina árlega og einbeita sér að náttúruvernd, m.a. með því að leggja gönguleiðir og rækta plöntur en einnig með hreinsun íslensku strandlengjunnar.

Styrkir til hjálparsamtaka

Bónus styrkir ýmis verkefni og þá sérstaklega hjálparsamtök eins og Hjálparstarf kirkjunnar og mæðrastyrksnefndir um land allt. Flest þessara verkefna hafa verið í gangi lengi. Fyrir jólin höfum við þann háttinn á að þau hjálparsamtök hvort sem um er að ræða góðgerðar-, líknarsamtök eða kirkjuna, kaupa inneignakort hjá okkur og þá komum við með mótframlag sem nemur 10% af þeirri upphæð sem keypt er fyrir. Þetta gildir í nóvember og desember á hverju ári. Alls gaf Bónus 5 milljónir með þessum hætti árið 2024.

Betra aðgengi fyrir aldraða

Við bjóðum upp á sérstakar ókeypis ferðir fyrir aldraða á höfuðborgarsvæðinu í verslanir okkar til að létta þeim umstangið við að komast í matvöruverslun til að versla sér í matinn.

Söfnun til að vernda börn gegn ofbeldi

8,4 milljónir söfnuðust í kertasölu og einnig með áheitasöfnun nemenda við Salaskóla, en þar var Bryndís Klara nemandi. Halla Tómasdóttir Forseti er verndari minningarsjóðsins sem mun styðja við verkefni sem miða að því að vernda börn gegn ofbeldi og efla samfélag þar sem samkennd og samvinna eru í forgrunni. Samtals söfnuðust 8,4 milljónir í Minningarsjóð Bryndísar Klöru Birgisdóttur, sem lést af sárum sínum nokkrum dögum eftir hnífstunguárás á Menningarnótt.

Bleika slaufan

Bónus styður á hverju ári við átaksverkefnið Bleika slaufan. Í ár gátu viðskiptavinir Bónus keypt Bleiku kökuna, en hún er sérstaklega bökuð og seld til að styðja við Bleiku slaufuna. 100 krónur af hverri keyptri köku runnu til Krabbameinsfélagsins.

Jól í skókassa

Bónus er stolt af því að styðja hið árlega verkefni, Jól í skókassa. Jól í skókassa er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Gjafir eru settar í skókassa og sendar til barna í neyð í Úkraínu. Íslensku skókössunum er dreift á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við mikla fátækt. Ár hvert safnast um 5000 kassar en við styðjum við Jól í skókassa bæði með vinnuframlagi og ýmsum vörum sem við gefum í skókassana.



Mynd tekin þegar styrkurinn var afhendur forseta Íslands, verndara Minningarsjóðs Bryndísar Klöru





Sjálfbærniskýrsla 2024

Heimsmarkmiðin

2

EKKERT HUNGUR



Ekkert hungur

Við styðjum við heimsmarkmið 2 um ekkert hungur:

- Við styðjum heimsmarkmið 2 með því að gefa inneignarkort fyrir matar kaup í okkar verslunum til hinna ýmsu góðgerðamálefna.
- Við seljum mat sem farinn er að nálgast síðasta neysludag á verulegum afslætti.

3

HEILSA OG VELLÍÐAN



Heilsa og vellíðan

Við styðjum við heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan á:

- Bónus er eina matvörukeðjan á Íslandi sem aldrei hefur selt tóbak.
- Við hvetjum starfsfólk til bættrar heilsu og aukinnar vellíðunnar með því að veita árlegan líkamsræktarstyrk fyrir starfsfólk.

5

JAFNRÉTTI KYNJANNA



Jafnrétti kynjanna

Við styðjum við heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna:

- Við höfum sett okkur jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun sem miðar að því að tryggja jöfn laun og réttindi kynjanna.
- Við greiðum sömu laun fyrir jafn verðmæt störf og Bónus hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012.

8

GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



Góð atvinna og hagvöxtur

Við styðjum við heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt:

- Erum sanngjörn með kaup og kjör, og er hár starfsaldur innan fyrirtækisins til marks um þetta.
- Við líðum ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni og gætum þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
- Við höfum um árábil verið einn stærsti þátttakandinn í „Atvinna með stuðningi“ verkefninu sem gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.

12

ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



Ábyrg neysla og framleiðsla

Við styðjum við heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu:

- „Saman gegn matarsóun“ verkefnið hefur verið starfrækt frá upphafi rekstrar. Mikil áhersla lögð á að lágmarka rýrnun í fyrirtækinu sem er mjög lítil miðað við eðli rekstrar. Ávextir á síðasta snúningu eru boðnir á verulegum afslætti til viðskiptavina og kjúklingur fer sjálfkrafa á afslátt þegar hann nálgast síðasta sölu dag.
- Við þrýstum á innlenda birgja að minnka plast í umbúðum og að setja upp tvöfalt strikamerki á ferskvöru sem hjálpar við að sporna gegn matarsóun.
- Við notum minna plast í umbúðir fyrir bakkelsi og minna plast í umbúðir fyrir fyrirtækið Ferskar Kjötvörur sem fór úr plastbökkum yfir í 100% endurvinnanlegar umbúðir sem hafa 70% minna plast en áður.

13

AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM



Aðgerðir í loftslagsmálum

Við styðjum við heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum:

- Við leggjum okkur fram í loftslagsmálum með áherslu á kolsýruvæðingu, Led-væðingu, rafbílavæðingu og aðgerðum í úrgangsmálum.
- Erum aðalstyrktaraðilar verkefnis Landgræðslunnar og Skógræktarinnar um að safna og sá birkifræjum til að rækta upp birkiskóga á Íslandi.
- Styðjum við fjölbreytt verkefni sem miða að bindingu kolefnis úr andrúmslofti.
- Gefum moltu á hverju vori til viðskiptavina. Bæði í Bónus Kauptúni og Bónus Korputorgi geta viðskiptavinir fengið moltu endurgjaldslaust, en moltan er einmitt gerð meðal annars úr lífrænum úrgangi verslunarinnar.

Umhverfi

Flokkur	Yfirmarkmið	Undirmarkmið	Aðgerðir	Heimsmarkmið SP
Loftslag	Kolefnishlutleysi 2030 í umföngum 1 & 2	- A.m.k. 70% samdráttur á raunlosun fyrir 2030 mv. 2023 - Kolefnisbinding með raungerðum og vottuðum einingum	- Kolsýruvæðing kælikerfa (83% af losun) - Rafbílavæðing - LED-væðing verslana - Fjárfesting í vottuðum kolefniseiningum sem raungerast frá og með 2030	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla
Loftslag	Bættar mælingar og samdráttur á losun í virðiskeðju	Bættar mælingar á virðiskeðjulosun	- Mæling á yfir 90% heildarlosunar - Bætt nákvæmni mælinga með tilliti til betri upplýsinga frá birgjum	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla
Loftslag	Stuðla að matvælaöryggi Íslands	Tryggja aðlögunarhæfni í virðiskeðju vegna hugsanlegs matvælaskorts sem afleiðingu af loftslagsbreytingum	- Uppsprettan - Stuðningur við innlenda framleiðslu	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum
Hringrásarhagkerfi	Bætt úrgangsflokkun	82% flokkunarhlutfall á fyrir 2027	Regluleg upplýsingagjöf til verslunarstjóra	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum
Hringrásarhagkerfi	Lágmörkun úrgangs og matarsóunar	10% lækkun á magni lífræns úrgangs fyrir 2027	- Dýnamískir afslættir - Afsláttarpokar - Matargjafir - Gæðaeftirlit í verslunum	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla
Hringrásarhagkerfi	Umhverfisvænni umbúðir á Bónus vörum	- Umbúðir séu endurvinnanlegar eins og kostur er og auðvelt sé fyrir neytandann að flokka þær - Bestun umbúða með tilliti til líftíma vara	- Notast sé við endurvinnanleg efni í umbúðum - Lágmörkun á efnisnotkun í umbúðum - FENÚR merkingar og að auðvelt sé að taka mismunandi efni í sundur	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla

Mannauður

Flokkur	Yfirmarkmið	Undirmarkmið	Aðgerðir	Heimsmarkmið SP
Starfsánægja	Starfsánægja í fyrirrúmi	Starfsmannaánægja mælist árlega a.m.k. 7,5	- Púlsmælingar á 2 mánaða fresti - Allar nafnlausar ábendingar teknar fyrir og þeim svarað - Starfsmannakönnun Brandr	8 – Góð atvinna og hagvöxtur
Jafnrétti & fjölbreytni	Sömu laun fyrir jafnverðmæt störf	Kynbundinn launamunur sé árlega undir 1%	- Árleg jafnlaunaúttekt - Stöðug umbótavinna og eftirfylgni	5 – Jafnrétti kynjanna
Jafnrétti & fjölbreytni	Fjölbreyttur vinnustaður	Jöfn tækifæri til starfa óháð stöðu og uppruna	- Fólk hvatt til að sækja um óháð stöðu og uppruna - Fræðsla og þjálfun og fleiri en einu tungumáli - Atvinna með stuðningi - Samstarf við Blindravinafélagið - Samstarf við flóttamannadeild Vinnumálastofnunar	5 – Jafnrétti kynjanna
Heilsa og öryggi	Slysalaus vinnustaður	Engin skráningarskyld vinnuslys per milljón klukkustundir	Við erum með öryggis- og skyndihjálparnámskeið á hverju ári	3 – Heilsa og vellíðan
Þjálfun og starfsþróun	Starfsfólk hafi tækifæri til að vaxa og þróast í starfi	Öllu föstu starfsfólki bjóðist frammistöðu- og/eða starfsþróunarviðtal árlega	- Innleiðing á ramma fyrir starfsþróunarviðtöl - Bónusskólinn	3 – Heilsa og vellíðan
Starfsfólk í virðiskeðju	Réttindi starfsfólks í virðiskeðju séu virt og vinnuaðstæður mannsæmandi	- Allir birgjar samþykki siðareglur birgja - Regluleg eftirfylgni með birgjum	- Innleiðing siðareglna í alla nýja innkaupasamninga - Innleiðing birgjamatslausnar	3 – Heilsa og vellíðan 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla

8

8

Góð atvinna og hagvöxtur

12

12

Þrygð neysla og framleiðsla

13

13

Þægðir í loftslagsmálum

BÓNUS

Neytendur

Flokkur	Yfirmarkmið	Undirmarkmið	Aðgerðir	Heimsmarkmið SP
Kjör neytenda	Ódýrasta matarkarfan um allt land	Bónus mælist að jafnaði lægst í verðsamanburði við aðrar verslanir árlega	- Virkt verðeftirlit á dagvörumarkaði - Ferlar til að tryggja sanngjarnt innkaupaverð	2 – Ekkiert hungur 3 – Heilsa og vellíðan
Kjör neytenda	Leggja kjarabaráttu neytenda lið	Sporna við verðbólgu	Virkt samtal við birgja í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að verðhækkanir fari umfram kostnað	8 – Góð atvinna og framleiðsla
Lýðheilsa	Ríkulegt framboð af heilsusamlegum valkostum	Aukning á framboði vara með heilnæmisvottun	Innleiðing á upplýsingakerfi sem gerir okkur kleift að taka út tölulegar upplýsingar um vottanir	3 – Heilsa og vellíðan
Lýðheilsa	Aukin sala á grænmeti og ávöxtum	3% árleg aukning á seldu magni milli ára	Aukin fókus á þjálfun starfsfólks og verslunarstjóra Einnig erum við í nánú samstafi við Banana varðandi gæðæftirlit	3 – Heilsa og vellíðan
Aðgengi	Allir velkomnir í verslanir Bónus	- Gott aðgengi sé fyrir fatlaða í öllum verslunum - Gott aðgengi fyrir barnafjölskyldur - Innviðir til staðar fyrir umhverfisvæna ferðamáta - Tryggja aðgengi að nauðsynjavöru við náttúruhamfarir	- Hjólastandar - Hönnun verslana með aðgengi fatlaðra í huga - Uppsetning orkugáma til að tryggja orku og vatn til verslana á Reykjanesinu við náttúruhamfarir	3 – Heilsa og vellíðan
Upplýsingar	Upplýstir neytendur	- Að neytendur fái upplýsingar um umhverfisáhrif vara - Að allar vörur séu merktar með uppruna	- PIM kerfi - Miðlun upplýsinga til viðskiptavina um losun vara	3 – Heilsa og vellíðan



BÓNUS

Lykilpættir úr sjálfbærniuppgjöri

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2022	2023	2024
Umfang 1	tCO ₂ í	1.794	1.554	2.895
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ í	220	229	198
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO ₂ í	220	5.512	6.584
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	2.014	1.783	3.093
Umfang 3	tCO ₂ í	241.327	260.955	216.996
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	tCO ₂ í	243.341	262.738	220.089
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (með markaðsaðgerðum) og 3)	tCO ₂ í	243.341	268.021	226.475
Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics & Targets				
Umfang 1 - samsetning losunar	Eining	2022	2023	2024
Heildarlosun	tCO ₂ í	1.794	1.554	2.895
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	72,3	70,8	84,0
Lekalosun	tCO ₂ í	1.722	1.483	2.811
Umfang 2 - samsetning losunar	Eining	2022	2023	2024
Heildarlosun	tCO ₂ í	219,7	228,7	197,9
Rafmagn	tCO ₂ í	110,0	108,7	95,4
Hitaveita	tCO ₂ í	109,4	119,9	102,5

Umfang 3 - losun á fyrri stigum	Eining	2022	2023	2024
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta				
Heildarlosun	tCO ₂ í	240.923	260.579	216.877
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi				
Heildarlosun	tCO ₂ í	65,2	70,5	67,0
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO ₂ í	17,8	17,3	20,9
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO ₂ í	0,4	0,4	0,4
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO ₂ í	47,1	52,9	46,0
Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing				
Heildarlosun	tCO ₂ í	1,2	0,5	0,5
Flugfrakt	tCO ₂ í	1,2	0,5	0,1
Vegflutningar	tCO ₂ í	0,0	0,0	0,1
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri				
Heildarlosun	tCO ₂ í	335,0	308,9	49,9
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	335,0	308,9	49,9
Flokkur 6: Viðskiptaferðir				
Flugferðir		2,4	0,0	0,9

Sjálfbærniuppgjör Bónus fyrir árið 2024 er unnið í samstarfi við Klappir og er notast við Sustainability Platform hugbúnaðarlausnina við söfnun og úrvinnslu upplýsinga. Þær upplýsingar sem uppgjorið byggist á eru jafnframt hluti af sjálfbærniuppgjöri Haga sem hlotið hefur staðfestingu óháðs endurskoðanda.

Sjálfbærniuppgjórið er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (WorldFederation of Exchange). Einnig er vísað til tilheyrandi viðmiða GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og tekur upplýsingagjöf félagsins um eigin mannauðsmál og stjórnarhætti auk þess mið af nýju evrópsku sjálfbærnistöðlunum (ESRS).

	Eining	2023	2024
S1-6: Samsetning starfsfólks			
Heildarfjöldi starfsfólks			
Karlar	Fjöldi	676	681
Konur	Fjöldi	420	429
Samtals	Fjöldi	1.096	1.110
Fjöldi starfsfólks með ótímabundna ráðningu			
Karlar	Fjöldi	676	681
Konur	Fjöldi	420	429
Samtals	Fjöldi	1.096	1.110
Fjöldi starfsfólks með tímabundna ráðningu			
	Fjöldi	0	0
Starfsmannavelta			
Fjöldi starfsmanna sem hætti á árinu	Fjöldi	531	329
Starfsmannavelta	%	48,4%	29,6%
S1-8: Kjarasamningar og trúnaðarmenn			
Hlutfall starfsfólks sem heyrir undir kjarasamninga	%	99,9%	100%
Hlutfall starfsfólks sem hefur trúnaðarmann	%	100%	100%

	Eining	2023	2024
S1-9: Fjölbreytnimælikvarðar			
Kynjafjölbreytni í æðstu stjórnunarstöðum			
Karlar	Fjöldi	6	5
Konur	Fjöldi	2	1
Karlar	%	75,0%	83,3%
Konur	%	25,0%	16,7%
Aldursdreifing			
<30 ára	%	85,0%	84,5%
30-50 ára	%	11,0%	12,0%
>50 ára	%	4,0%	3,5%
S1-14: Heilsa og öryggi			
Hlutfall starfsfólks sem starfar fyrir tilstilli verkefnisins Vinna með stuðningi	%	N/A	4,3%
Fjöldi dauðsfalla sem afleiðing vinnuslysa eða vinnutengdra veikinda	Fjöldi	0	0
Fjöldi dauðsfalla verktaka eða starfsmanna annarra fyrirtækja á starfsstöðvum félagsins	Fjöldi	0	0
Fjöldi skráningarskyldra vinnuslysa	Fjöldi	1	2
Tíðni skráningarskyldra vinnuslysa	x/1.000.000	1	2
S1-15: Jafnvægi milli vinnu og einkalífs			
Fjöldi starfsmanna sem hefur lögbundinn rétt til fæðingarorlofs	%	100%	100%
Fjöldi starfsmanna sem tók lögbundið fæðingarorlof	%	N/A	2,7%
S1-16: Launamunur kynjanna			
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	0,2%	0,1%

Bónus er með þér í liði

Nú eru sjálfbærniskýrslur Bónus orðnar fimm talsins. Þrátt fyrir að okkur finnist að stutt sé síðan fyrsta skýrslan var gefin út, höfum við á þessum tíma öðlast dýrmæta reynslu í markvissri vinnu við að gera betur á sviði sjálfbærni.

Í þessari skýrslu, rétt eins og þeim sem við höfum unnið að áður, höfum við leitast við að taka saman á einum stað helstu áherslur okkar í umhverfismálum, starfsmannamálum og samfélagslegri ábyrgð. Með árlegri gerð sjálfbærniskýrslna viljum við sýna hvernig þróunin er á milli ára, hvort sem það á við um daglegan rekstur, stefnu eða framtíðarsýn Bónus. Það er okkar markmið að í gegnum sjálfbærniskýrslunar megi sjá viðleitni okkar til þess að hafa jákvæð áhrif á samfélagið hér á Íslandi.

Við höldum áfram að vinna að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, með áherslu á sex heimsmarkmið til þess að leggja okkar að mörkum svo ná megi markmiðunum fyrir árið 2030.



Eitt mikilvægasta samfélagslega verkefnið okkar er nú sem endranær að standa vörð um kaupmátt neytenda. Þetta verkefni hefur sjaldan verið mikilvægara enda verðbólga þrálát. Með samstilltu átaki hefur náðst góður árangur í baráttunni við verðbólguna en mikilvægt er halda áfram að að sporna við hækkandi vöruverði til neytenda. Bónus leggur sitt af mörkum til að tryggja viðskiptavinum sínum vörur á sem hagkvæmasta verði.

Það hefur verið stefna okkar að láta gott af okkur leiða, og þannig gera samfélag og umhverfi að betri stað. Við munum halda þeirri vegferð áfram.



Allt ódýrt